

## Sören Aabye Kierkegaard. Svipmyndir úr heimspeki hans

Sören Aabye Kierkegaard (1813-1855), var danskur heimspekingur, einn höfunda tilvistarspekinnar. Um stutt æviskeiði sitt ritaði SK ósköpin öll af greinum, bókum og bréfum – og margt undir dulnefnum. Því er lestur verka hans erfiður og skilningur sömuleiðis. En þegar 1936 var samin eins konar orðabók yfir verk hans léttist heldur róðurinn. Einna hugleiknust voru honum hugtökin; Guð, maðurinn, eilífð (Evighed), óendanleiki (Uendelighed), sannleikur (Sandhed), andi (Aand), tilvera (Existent), einstaklingur (Individ), innileiki (Inderlighed) og trú (Tro).

Angist, kvíði (angest/angst/anxiety) er eitt lykilhugtaka danska tilvistarspekingsins, Sören Aabye Kierkegaard, er segir manninn hafa frelsi til að velja og hafna. Valfrelsið er þungamiðjan í heimspeki hans. Valfrelsið veldur óhjákvæmilega kvíða, sem er eitt einkenn þess að vera maður. Flestir veigra sér því við ákvörðunum eða að skjóta þeim á frest. Maðurinn stjórnast ekki síður af kenndum og hvötum eins og skynsemi. Því á maðurinn í sífældri innri baráttu.

Siðfræði sú, er birtist í hinum eiginlega, sanna Guði, er leiðarljós lífsins. Guð er ekki að finna í kirkjuveldinu, sem hefur reglubundið trúna og afskræmt. Það er Kristur sjálfur, sem er boðberi sannleikans. Velji maðurinn ekki í þessu efni, vofir syndin og fallið yfir.

SK skrifaði heimspeki sína í andstöðu við G.F. Hegel og andhverfðist m.a. gegn lögmálshyggju hans og takmarkaðri áherslu á einstaklinginn.

Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999: „Fagurkerinn nýtur allra atburða úr fjarlægð. Hann tekur ekki siðferðilega ábyrgð heldur fylgist með án þess að taka þátt í þeim; hann skoðar lífið líkt og listaverk. Hann er áhorfandi að harmleikjum og gleðileikjum lífsins en ekki þátttakandi. Yfirvegaður og frjáls fagurkeri sækist eftir hinu skemmtilega og fagra án þess að fangast í því neti skyldna og ábyrgðar sem einkennir bæði borgaralegan lífsmáta og hið siðferðilega stig. Fagurkerinn er öfundsverður að því leyti að erill og skuldbindingar hversdagsleikans íþyngja honum ekki. Örvæntingin býr hins vegar um sig í brjósti hans vegna þess að líf hans er innantómt og lífsleiðinn óumflýjanlegur.

Hinn siðræni eða siðferðilegi maður eins og við getum kallað hann hefur gengist við lífi sínu. Hann viðurkennir að hann ber sjálfur ábyrgð á því þótt hann geti ekki haft áhrif á alla þætti þess. Allir fæðast í heiminn við tiltekna aðstæður. Það er ekki á valdi mannsins að breyta umhverfi sínu og bæta það nema að takmörkuðu leyti....hann játar því að ástríðu og innlifun að líf hans er persónulegt hlutskipti hans sjálfs. Sérhver athöfn er athöfn hans sjálfs, þar á meðal líf hans og dauði....frábrugðinn góðborgaranum. Á yfirborðinu kann þeim að svipt hvorum til annars en þegar dýpra er kafað kemur í ljós afgerandi munur á lífsafstöðu þeirra og tilvistarástríðu.

Hið trúarlega stig einkennist af því að innlifun einstaklingsins hvílir ekki eingöngu á honum sjálfum heldur einnig á trúnni á hinn lifandi Guð.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s.530.)

Anfinn Stigen. Tenkningens historie II, Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992.

Heimspeki Kierkegaards hefur gildi fyrir hvern þann, sem leitast við að brjóta líf sitt til mergjar. Hún hefur að minnsta kosti gildi fyrir mig, ef ég fer að ráði Kierkegaards, leita „eigin sannleika,“ eða hef ég leita „hugmyndar, sem ég gæti lagt líf mitt við“ og sem „hefur

djúptæka merkingu fyrir mig og í lífi mínu.“ (Anfinn Stigen. Tenkningens historie II, Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, bls. 675 – lauslega snarað af mér.)

„Hele den dialektiske bevægelse som Hegels system står og faller med, er ekstremt kunstig, mener K. Det Hewgelgriper til for å få fart i den „logiske“ bevægelse - „den hegelske valsetakt“ – er snart rent formale synspunkter, snart språklige eiendommeligheter, snart visse påståtte faktiske forhold – alt kan brukes. Hvis noen noen gang ville umake seg med å samle sammen „alle eventyrlige nisser og kobolder som liksom travle senner fremhjelper den logiske bevægelse, så ville kanskje en senere tid fobauses over å erfare at det som da vil stå som avdankede vittigheter, engang spilte en stor rolle í logikken,“ mener K.“ (Kobold (ty) – nisseaktige vesen som folk trodde holdt til i fjellet.)

Sú þráttarhyggja, sem er lífæðin í heimspeki Hegels, er að dómi Kierkegaards afar gervileg. Hegel beityir kyndugu málfar, staðhæfingum og veigalitum skoðunum til að stíga „hinn Hegelska vals,“ hina rökvísu hreyfingu. Í því efni verður honum flest að gagni. (Anfinn Stigen. Tenkningens historie II, Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, s. 678 – lauslega snarað af undirrituðum.)

Kierkegaard segir: „Staðreyndir (hlutlæg sannindi) eru ekki þau sannindi, sem gildi hafa, þegar velja skal. Það, sem máli skiptir, er viðhorf einstaklingsins til þeirra. Hinn huglægi sannleikur felst í því, hvernig ég svara þeirri spurningu, hvort ég sé lifandi eða dauður, sem að sama skapi er mikilvægari en sú staðreynd, að ég lifi. Það eru eingöngu slík sannindi, sem ég uni við í algleymi.“ (Anfinn Stigen. Tenkningens historie II, Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, s. 694 – frjállega þýtt af undirrituðum.)

Sören Kierkegaard komst svo að orði: „Einungis er hægt að skilja lífið aftur á bak, en það verður að lifa því fram á við.“ ...

„Hegel áleit einstaklinginn einungis geta fullproskað hæfileika sína sem hluta af hinni stóru, óhlutbundnu heild hins lífræna ríkis, en Kierkegaard taldi á hinn bóginn að það væri einstaklingurinn sem væri æðsta siðferðilega einingin og því væri það hið huglæga svið einstaklingsins sem væri mikilvægast í mannlegu lífi. Vegna þess að siðferðilegar vangaveltur eru á vissan hátt forsendur hlutanna er ákvörðunartaka mikilvægast athöfn mannsins: það er með því að velja sem við sköpum líf okkar og verðum við sjálf. Kierkegaard tengdi þetta allt trúnni: hann trúði því, eins og hefðbundið er í mótmælendasíð, að það sem mestu skipti séu samskipti hvernar einstakrar sálar við Guð.“ (Bryan Magee. Saga heimspekinnar. Mál og menning 2002, s. 208.)

Ómar af strengleikum (um speki SK). (Heimspekivefurinn, [www.heimspeki.is](http://www.heimspeki.is), 30. nov. 2010):

„Eins er um alla gleði, æðsta og dýpsta nautnastund lífsins kemur í fylgd dauðans.“ - „.....sorg mín er kastali minn. Margir telja sorgir til lífþæginda.“ - „Lífið er orðið mér að beiskum drykk, og samt á ég að taka hann inn í dropatali, hægt og teljandi.“ - „Enginn snýr aftur frá þeim dauðu, enginn kom í heiminn ógrátandi. Enginn spyr mann hvenær hann vilji inn, enginn hvenær hann vilji út.“ - „Bezta sönnunin fyrir eynd tilverunnar er sú sem sótt er í hugleiðingu um dýrð hennar.“ - „Kom svefn og dauði, þú lofar engu, þú efnir allt.“ - „Þannig held ég að heimurinn muni farast, við almenn fagnaðarlæti gamansamra manna sem halda að það sé spaug.“ - „Ég var hrifinn í sjöunda himin. Þar sátu allir guðirnir saman.....bera fram ósk...: Ég vel það eitt að ég megi alltaf hafa hláturinn mín megin.“

